

ritun; setur þar "Boston Transcript" öðrum markið að keppa að. Hefir þetta alt ekki svo litla þýðingu fyrir almenna fræðslu. Enda er öll fræði, hvaða nafni sem nefnist, þar mest í hávegum höfð. Þegar eitthvað nýtt kemur upp, sem að einhverju leyti ber bókmentalegan eða vísindalegan blæ, er það fyrst tekið upp í Boston. Hefir það orðið að máltaeki meðal Bandaríkjamanna, þegar einhver ný kenning kemur upp eða vísinda-staðhæfing: "Try it on the dog, take it to Boston" (Reyndu það á hundinum, farðu með það til Boston). Saki þessi kenning ekki Boston, er hún talin meinlaus og öðrum boðleg.

Árið 1904—5, þegar hin mikla rannsókn byrjaði í Bandaríkjunum gegn fjárglæfra-braski ýmsra auðfélaga, er leiddi til þess, að mörgum þeirra var kollvarpað, en stjórnin tók í taumana og setti strangt eftirlit með hinum, sem eftir stóðu, var það maður í Boston, sem hóf árásina á þessi féllög, Thomas Lawson. En það einkennilega og fáheyrða í sambandi við það var, að einmitt þessi sami maður var við ýmislegt þetta gróðabréask riðinn. Hafði hann sjálfur orðið ríkur á því braski, en áleit samt skyldu sína að benda almenningu á, hvað fram væri að fær a og vara hann við því. Hafði slíkt aldrei heyrt fyr í nokkru landi,